

2166. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 24. september 2015 á Laugardalsvelli og hófst kl. 17:00.

Mættir: Geir Þorsteinsson, Guðrún Inga Sívertsen, Gylfi Þór Orrason, Jóhann Torfason, Jóhannes Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar V. Arnarson og Vignir Már Þormóðsson. Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Gísli Gíslason, Ingvar Guðjónsson og Þórarinn Gunnarsson.

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - Mannvirkjanefnd, 8. september.
 - Dómaranefnd, 23. september.
3. Mótamál
 - Róbert Agnarsson formaður mótanefndar fór yfir stöðu mála í deildarkeppnum og yngri flokkum en flestum mótum er nú lokið. Búið er að auglýsa eftir mótshöldurum fyrir nýju 5 manna mótin (gervigras/inni) en lítil viðbrögð eru ennþá. Þátttökutilkynningar fyrir futsal verða sendar til aðildarfélaga á næstu dögum. Nefndin er byrjuð að huga að mótahaldi næsta sumar og skoða þau áhrif sem EM í Frakklandi hefur á mótahald.
 - Gylfi Þór Orrason formaður dómaranefndar fór yfir stöðu dómaramála. Nefndin undirbýr tilnefningar á dómaraalista FIFA fyrir næsta ár og er enn fremur að hefja undirbúning fyrir næsta næsta tímabil með sérstakri áherslu á að hlúa að ungum og efnilegum dómurum.
4. A landslið karla
 - Lék gegn Kasakstan 6. september. Með 0-0 jafntefli tryggði Íslandi sér sæti á EM 2016 í Frakklandi.
 - Framundan eru tveir síðustu leikirnir í riðlinum, gegn Lettum á heimavelli 10. október og Tyrkjum ytra 13. október.
5. A landslið kvenna
 - Sigræði Slóvakía í vináttuleik 17. september síðastliðinn, 4-1.
 - Sigræði Hvíta Rússland í fyrsta leik í undankeppni EM, 2-0 þann 22. september sl. Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn 100. A landsleik fyrir Ísland.
 - Framundan eru útileikir við Makedóníu og Slóveníu í október.
 - Rætt um afreksstyrk til leikmanna vegna EM 2017.
6. Yngri landslið
 - U21 karla lék tvo heimaleik í undankeppni EM í september, sigraði Frakklandi 3-2 á Kópavogsvelli og gerði 1-1 jafntefli við Norður Írland á Fylkisvelli. Framundan eru tveir útileikir í október, við Úkraínu og Skotland.
 - U19 karla leikur tvo vináttulandsleiki við Norður-Írland 9. og 11. október á Íslandi. Liðið leikur í undankeppni EM á Möltu í nóvember.
 - U19 kvenna lék í undankeppni EM í Sviss í september. Liðið hafnaði í þriðja sæti í sínum riðli og komst því ekki áfram. Liðið sigraði Georgíu 6-1 í fyrsta leik, en tapaði síðan fyrir Grikklandi 1-2 og Sviss 0-2.

- U17 kvenna tekur þátt í undankeppni EM í Makedóníu í lok október.
- Þjálfaramál. Úlfar Hinriksson þjálfari U17 kvenna er með lausan samning um næstu áramót. Formanni, framkvæmdastjóra og formanni unglinganefndar kvenna falið að ljúka málinu.

7. UEFA

- Lögð fram gögn frá fundi formanna og framkvæmdastjóra UEFA (TEP fundi) á Möltu.

8. Önnur mál.

- Ákveðið að afhenda viðurkenningar fyrir leikmenn ársins í Pepsi-deild kvenna við sama tækifæri og viðurkenningar fyrir seinni umferð deildarinnar. Viðurkenningar til leikmanna í Pepsi-deild karla verða afhendar eftir lokaumferð deildarinnar.
- Formannafundur verður seinni partinn í nóvember.
- Lagt fram erindi frá HK og Víking vegna mótafyrirkomulags 1. deildar kvenna. Samþykkt að vísa erindinu til mótanefndar.
- Lagt fram yfirlit yfir kærur ársins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.